

09.06.–18.09.2022

**Spor og
prædier**
Stitches
and
Threads

Spor og þræðir

Saumnálin hefur lengi verið vinsælt tól til listsköpunar enda eitt af elstu verkfærum mannkyns. Útsaumur í klæði og aðra nytjahluti hefur verið stundaður í árþúsundir og frá upphafi hefur hann verið í hávegum hafður, bæði meðal handverksfólks sem og hinna sem nota og njóta. Nálin hefur einkum verið í höndum kvenna sem hafa viðhaldið gömlum hefðum í handverki og þróað nýjar og skapandi leiðir til úrvinnslu með nál og þráð. Í kjölfar kvenréttindabaráttu áttunda áratugarins og þróun femínískrar myndlistar var textill og þar á meðal útsaumur endurskilgreindur sem aðferð í samtíma myndlist, bæði hér á landi og á erlendri grundu.

Spor og þræðir er sýning á nýjum og nýlegum verkum samtímalistamanna í íslenskrari listasenu sem sauma út eða nýta nál og þráð sem verkfæri við listsköpun sína. Listamennirnir á sýningunni hafa verið sérstaklega valdir vegna þeirra fjölbreyttu nálgunar sem verk þeirra sýna. Þau líta ýmist til fortíðar og vinna með arfleifð handverks og hefðar, eða nýta nálinu til þess að prófa sig áfram í framsæknum tilraunum í bland við aðra miðla. Víða er hægt er að greina í þeim þekkt útsaumsspor eins og krosssaum, aftursting, flatsaum og kappmelluspor, á meðan önnur verk eru unnin á frjálssari og nýstárlegri hátt.

Nálinni sjálfri er brugðið í ýmis hlutverk; hún er ýmist notuð sem skriffæri, pensill eða verkfæri til að festa hluti saman. Mörg verkin sýna tengsl hugar og handar, þar sem verkin flæða fram án forskriftar. Öll eiga þau sameiginlegt að vera unnin í höndum og krefjast yfirlegu og þolinmæði. Útsaumur er nátengdur heimilinu og birtingarmyndir þess á sýningunni tíðar, bæði hvað varðar umfjöllunarefni, vettvang og útgangspunkt. Blóm koma víða við sögu, enda eitt algengasta viðfangsefnið í hefðbundnum útsaum. En náttúran í stærri og víðari skilningi er líka áberandi, allt frá örheimi frumulíffæra, til fæðingar nýs landslags og stöðu mannsins gagnvart náttúrunni. Önnur viðfangsefni sem birtast eru til að mynda líkaminn, reynsluheimur kvenna og hið óhlutbundna.

Þegar lítið er til síðustu ára samtímalistar má auðveldlega greina vaxandi áhuga á handverki og svo virðist sem listamenn víða um heim noti í auknum mæli hefðbundnar aðferðir á borð

við útsaum til að skapa áhrifarík listaverk. Í verkunum á sýningunni má sjá hvernig tekist er á við hefðina, jafnvel snúið upp á hana, en jafnframt glímt við tímann. Segja má að tíminn sé innbyggður í útsauminn, því að alla jafna er þetta tímafrek aðferð til listsköpunar og tala listamenn sýningarinnar einum rómi um að saumaskapurinn bjóði upp á tækifæri til hugleiðslu og íhugunar.

Verk **Erlu Þórarinsdóttur** er eins konar brú milli tveggja atburðaríkra tíma í sögu Íslands á 21. öldinni. Grunnurinn í verkinu er þæft, grátt ullarteppi sem hún keypti í Rauðakrossbúðinni árið 2008, daginn eftir að forsætisráðherra bað guð um að blessa Ísland í sjónvarpsávarpi sem markaði hrun bankakerfisins. Hún byrjaði að sauma út í það faðirvorið með handlituðum silkíþráðum en lauk þó ekki við verkið fyrr enn í upphafi heimsfaraldurs árið 2020. Við bænina bætir hún tákningu fyrir *om* í sanskrít og þessi bræðingur mismunandi trúarbragða gæti lesist sem ákall um að trúin eigi að vera afl til sameiningar fremur en sundrunar.

Í *Rauntímarefli Eirúnar Sigurðardóttur* kemur heimsfaraldurinn líka við sögu. Daginn eftir að fyrsta smitið greindist hér á landi, í upphafi árs 2020, byrjaði hún á nýju verki, metra á kant í grófan stramma. Framan af var verkið hugsað í svipuðum anda og fyrri útsaumsflæðisverk hennar. Síðasta sporið í þennan fyrsta hluta refilsins saumaði hún 8. apríl, þegar sóttvarnalæknir upplýsti þjóðina að toppinum á smitkúrfunni væri líklega náð. Hófst Eirún þá handa við að sauma næsta stramma, sem átti að vera unnin á meðan faraldurinn fjaraði út. Eins og enn er í fersku minni varð raunin allt önnur. Strammarnir urðu á endanum fimm og markast endir refilsins við daginn sem grímuskylda var afnumin hérlendis undir lok árs 2021. Glöggir áhorfendur geta ef til vill séð þróun faraldursins í óhlutbundnum formum, litafæði og efnisvali, en einnig fléttast inn í sauminn einkalíf listamannsins og jarðhræringar á Reykjanesskaga. Eirún saumaði þó ávallt í flæði, án þess að ákveða hvert næsta skref yrði og því nánast eins og völva sem býr yfir magnaðri vitneskju um örlogin og það er undir móttakanda spádómsins komið að túlka hann.

Guðrún Bergsdóttir gerir einnig óhlutbundin verk þar sem augað og tilfinningin ráða för en hún ákveður heldur ekki fyrirfram hvað skuli sauma. Hún vinnur einungis með garn sem hún

fær gefins úr ýmsum áttum og ræðst litavalið eftir því sem augað gírnist hverju sinni. Formin sem hún saumar eru ávallt geómetrísk og stíll hennar er auðþekjanlegur. Myndir Guðrúnar á sýningunni voru gerðar á yfir tólf ára tímabili og hæglega má greina stíflróun í tímans rás. Í elstu myndunum er formum raðað kerfisbundnið í dálka og litafletir afmarkaðir en með árunum brotnar kerfið upp í óreiðu þar sem línur, hornum og litum ægir saman í sinfóníu skærra lita. Svo verður hvarf til daufari lita og fletir verða að punktum sem jafnvel minna á pixla á skjá.

Anna Líndal skoðar hvernig jarðvísindamenn nálgast viðfangsefni sín á vettvangi og nýtir sér aðferðafræði þeirra í listsköpun sinni. Hér sjáum við hvernig hún notar útsaum til að miðla niðurstöðum úr rannsóknarleiðangrum á jökla og að eldstöðvum. Hún notar náli og þráð sem verkfæri til að skrifa texta, teikna línur og skrásetja mælipunkta til að búa til landfræðileg kort, með hæðarlínur, ferlum og hnitum. Dagbókarverkið 5.6.2013 er skrásetning á tilraun þar sem Anna notar eigin líkama sem mælitæki á vettvangi og syndir innan um íshröngl og vikur í gíg sem myndaðist við eldgos undir jöklinum tveimur árum áður. Undir yfirborðinu hvíla náttúruöflin síbreytileg, samhliða því að mannkyndi hefur orðið að jarðfræðilegu afli sem hefur áhrif á það hvernig staðir verða til og hvernig staðir hverfa.

James Merry gefur notuðum flíkum nýtt líf með því að sauma í þær ýmiss konar náttúru-myndir. Á íslensku hefur þetta gjarnan verið kallað uppvinnsla, eða skapandi endurvinnsla og það er ekki tilviljun að hann velji að sauma í alþjóðlega merkjavöru á borð við Nike. Dregið er fram samspil markaðsvæddrar og fjölda-framleiddrar vöru við hið hæga ferli handverksins, í algjörrri andstæðu við vélsaumað merki Nike. Textíliðnaðurinn er einn mest mengandi iðnaður í heimi og er svokölluð hraðtíska stór þáttur af því vandamáli. James er þó líklega þekktastur fyrir samstarf sitt með Björk Guðmundsdóttur, þar sem hann tekur þátt í að skapa myndheiminn sem fylgir tónlist hennar, þar með talið grímurnar sem hún ber á sviði á tónleikum. Þær byggja alltaf á útsaumi, þó að efniviðurinn geti verið ýmiss konar, til að mynda vír, sílikon eða silfur. Snertiflötur peysa og gríma James er fyrst og fremst sá að þær eru listaverk sem gerð eru fyrir líkama og sýna því ummerki um notkun.

Á sýningunni má finna tvö verk eftir **Önnu Andreu Winther** sem fela bæði í sér för eftir athafnir og líkama annarra sem föngdu eru í gegnum mismunandi ferli. *Munnþurrkusafnið* er samansafn eftirmynda af munnþurrkum sem hún safnaði eftir máltíðir með vinum og vandamönnum sínum. Í gegnum útsaum í bómull veitir hún blettunum athygli og verður hver munnþurra minnisvarði um máltíð sem átti sér stað. Hún lýsir þessu verki sem inngripi inn í neysluvenjur samtímans, þar sem því einnota er gefið skrautgildi og vægi. Í verkinu *Eldhúsathafnir* færst Anna líka við að brjóta upp hið hversdagslega sem leið til þess að fá fólk til að tengjast efnunum sem það neytir. Verkið samanstendur af leiðbeiningum að gjörningum sem saumaður eru út í hefðbundin vískastykki. Stykkinn voru send til fólks til að framkvæma heima hjá sér í eigin eldhúsum. Var afurð þess aðeins sýnileg í gegnum texta sem skrifaður var af þátttakendum í kjölfarið, ásamt blettum sem smituðust yfir á vískastykkin meðan á gjörningunum stóð.

Fyrir nokkrum áratugum mátti finna svokallaðan rennibrautarstól á heimilum flestra hannyrðakvenna landsins. Um hann gegndi yfirleitt sú óskrifaða regla að ekki mætti setjast í stólinn því að hann væri til sýnis en ekki setu. Oft var stóllinn meistarastykki húsfurúarinnar, munur sem stóð á mörkum list- og nytjahlutar og var stillt upp á sýnilegum stað. Útsaumurinn var yfirleitt íburðarmikill og blómamynstur algengasta myndefnið. Í verki sínu *Áningarstaður* sækir **Agnis Ársælsdóttir** í myndheim vísindanna og skreytir rennibrautarstól sinn ríkulega með líffærum plöntufrumu. Þar má sjá kjarna, frymisnet og safabólu að ógleymdum grænumornum. Hún lítur á blómaskreytingar í útsaumi sem enn einn liðinn í löngum mannsins til að tengjast náttúrunni og færa hana inn á heimilið. Með því að nota plöntufrumu sem myndefni er hún ekki að velja eina tegund fram yfir aðra heldur birtast þær allar í minnstu einingu sinni sem er samnefnaði allra plantna.

G.Erla – Guðrún Erla Geirsdóttir hefur frá upphafi gjarnan notað útsaum í verkum sínum. Á sýningunni eru tvö verk, gerð með tuttugu ára millibili, og texti leikur lykilhlutverk í þeim báðum. Eldra verkið, *Hlutskipti*, gerði hún í París. Þar vöktu erlendir, oft langt að komnar, ræstingarkonur athygli hennar, nær mállaus, ósýnilegur mannaúður sem gegnir mikilvægu hlutverki en er lítils metinn. Á vissan hátt sam-samaði hún sig þessum konum; með takmarkaðan orðaforða í framánda borg. Efniviðurinn

er gólfuskur úr endurunninni bómull sem G.Erla saumaði í sjö stafa orð upp úr vasa-orðabók. Verkið er þörf áminning þar sem enn er verið að berjast fyrir því að kvennastörf séu metin að verðleikum. *Sofðu rótt* er unnið með hefðbundnum aðferðum útsaums í sængurföt. Það spratt út frá umræðu í upphafi #metoo bylgjunnar hér á landi, þar sem G.Erla las frá-sagnir kvenna af kynbundnu ofbeldi, áreitni og mismunun. Hún greip á lofti orð sem hún sá sífundurtekin og öll byrjuðu á sama staf; sakleysi, sársauki, skömm, smán, skítug, samviskubit og sektarkennd.

Kristín Gunnlaugsdóttir kallar útsaumsverk sín saumaðar teikningar. Á sýningunni eru verk unnin frá 2011–2022, sem öll sýna kvenmanns-líkamann á hispurslausan hátt við ýmsar athafnir. Í eldri verkunum er þráðurinn þykkur, striginn grófur og sporin löng. Í nýrri verkunum er allt fínlegra en viðfangið af svipuðum toga og aðferðin sú sama þar sem myndefnið byggir á skissum eða hraðteikningum. Verk Kristínar opna gjarnan á umræðu varðandi kynhlutverk, kvenlíkamann og stöðu konunnar í samtímanum.

Þótt það geti verið erfitt að koma höfundar-einkennum hans í orð eru verk **Kristins G. Harðarsonar** í flestum tilfellum auðþekkjjanleg. Hann hefur gert verk í flesta miðla en erfitt að kenna hann við einhvern einn þeirra, nema þá hugsanlega málverkið. Fyrstu útsaumsverkin hans voru gerð af eins konar mótþróu við hið karllæga umhverfi sem hann ólst upp í en einnig vegna aðdáunar á hefðinni; að engu væri skeytt um tímann sem útsaumur tæki, að vinnan væri í þágu fegurðar og ánægju af handverkinu. Verkin sem við sjáum hér eru unnin upp úr dagbókarfærslum hans, þar sem ljóðrænar en hversdagslegar vangaveitur um líf og umhverfi listamannsins eru teiknuð og skrifuð með nál og þræði. Litanotkun Kristins er eftirtektarverð og er það ef til vill málárin í honum sem þar er að verki.

Loji Höskuldsson hefur vakið mikla athygli fyrir útsaumsverk sín undanfarin ár þar sem hann púslar saman hlutum úr öllum áttum í nokkurs konar kyrralífsmýnd. Blóm og plöntur af öllum toga eru áberandi en yfirleitt í bland við hluti úr neyslumenningu Íslendinga, svo sem bónuspoka eða kókómjólkurfernu. Þó er eins og hann saumi bara það sem honum er hugleikið hverju sinni, af gleði saumaskapsins vegna. Á sýningunni eru ný verk þar sem hann

er innblásinn af geometriskum abstraktmál-verkum sjötta og sjöunda áratugarins, nema í stað hreinna forma og lita eru blómabeð í beinum röðum. Blómavalið vekur athygli, við sjáum samtíning íslenskra blóma í bland við erlend og um leið spyr listamaðurinn okkur, hvað þurfa blóm að hafa þrífrest lengi hér á landi til að teljast vera íslensk?

Íslensk flóra er líka í aðalhlutverki í verkum **Rósu Sigrúnar Jónsdóttur**. Hún gerir afar fíngræðar blýantsteikningar af lækninga-jurtum á pappír, og dregur fram smáatriði og líti blómanna með útsaumi í pappírinn. Teikningin er svarthvít en blæbrigði lita eru dregin fram í blómunum. Samspil teikningar og útsaums gefa verkunum dýpt en í þeim er líka mikil næmni. Hægt er að líkja sjónarhorni Rósu á plönturnar við það að horfa á þær gegnum þrönga linsu, þar sem teikningin dofnar og verður að móðu á jaðrinum. Hún lítur á handverk sem heilandi athöfn og á því samleið með mætti lækningajurta. Einnig sér hún náinn skyldleika með textílvinnu og hægu vaxtarferli náttúrunnar.

Guðný Rósa Ingimarsdóttir nýtir sér einnig pappír sem efnivið til útsaums en þó á allt annan hátt. Verk hennar eru óhlutbundin og í þeim mætast lífræn og geómetrisk form. Athöfnin við að skapa verkin er mikilvæg, hún vinnur í flæði og er ekki búin að ákveða fyrirfram hvernig verkið á að vera. Hún sækir í sífellu í eldri verk við sköpun nýrra og hikar ekki við að breyta þeim eldri ef henni þykir þess þörf. Saumurinn er iðulega taktfastur og jafnvel kerfisbundinn, til að mynda í rúðumynstri.

Það sem dró **Petru Hjartardóttur** að útsaumi sem aðferð í myndlist var möguleikinn að hafa algjöra stjórn yfir smáu, fyrirsjáanlegu og hægu ferli, þegar stærta samhengið getur verið óbærilega stjórnlaust og ófyrirsjáanlegt. Hún lærði útsaum undir handleiðslu ömму sinnar og leggur mikla áherslu á notkun hefðbundinna útsaumsaðferða. Það sést vel þegar rýnt er í efnislýsingarnar, við sjáum kontórsting, flatsaum, fræhnút og feneýja-saum, svo eitthvað sé nefnt. Myndefnið er þó ekki hefðbundið, hún myndgerir tilfinningar og stuttar frásagnir í litla, mjúka skúlptúra. Í verkum Petru er rík efniskennd og má skynja þyngd þeirra með augunum einum.

Stitches and Threads

The needle has long been popular in art creation, as it is one of humankind's oldest tools. Embroidery in clothes and other items has been practised for thousands of years and highly regarded from the very start, both among craftspeople and those who enjoy it. The needle has mostly been held by women who have maintained old craft tradition as well as developing new and creative ways of working with a needle and thread. Following the feminist revolution of the seventies and the development of feminist art, textiles and embroidery were redefined as a valid method in contemporary art, both in Iceland and abroad.

Stitches and Thread is an exhibition of new and recent works by contemporary artists in Iceland, who embroider or use needle and thread to create their art. The artists have been selected because of the diversity of their approach. They look to the past and work with the tradition's heritage, or use the needle for progressive experimentation, mixed with other media. Known stitches are prominent, such as cross-stitch, backstitch, blanket stitch and satin stitches, but there are also more novel methods.

The needle itself plays many roles: as a writing tool, paintbrush or an assembly tool. Many of the works show the connection between the mind and the hand, where the works are free flowing, without forward planning. They are all handmade and demand patience and effort. Embroidery is closely connected to the home and its manifestations in this exhibition are many; regarding subjects, place and starting point. Flowers appear often, they are one of the most common subjects in traditional embroidery. Nature in a larger and broader sense is also pronounced, from the microscopic world of cell organs to the birth of new land and man's place in nature. Other topics include the human body, the female experience and the abstract.

In recent years, a growing interest in crafts has been evident in the art world, artists appear to increasingly use traditional methods like embroidery to create compelling artwork. The pieces in this exhibition show how artists grapple with tradition, even twist it, but also how they deal with time. Of course, time is built into the embroidery, as it is an extremely time-consuming way of creating art. The artists all

agree that embroidery gives them a chance to reflect and meditate.

Erla Þórarinsdóttir's work is a bridge between two eventful periods in Icelandic history in the 21st century. The foundation is a grey, felted wool blanket that she bought in the Red Cross Shop in 2008, the day after the prime minister asked God to bless the country during live television broadcast, marking the start of the economic collapse. Erla started embroidering the Lord's Prayer into the blanket with hand-dyed silk thread but didn't finish the task until the start of the pandemic in 2020. She adds to the prayer the Sanskrit symbol *om*, this mixture of religions can be interpreted as an appeal for religion to unite rather than to divide.

In **Eirún Sigurðardóttir's** *Rauntímarefill* (*Realtapestry*), the pandemic is also a factor. The day after the first COVID-19 case was diagnosed in Iceland, at the start of 2020, Eirún started a new work, a meter in length and width, on canvas. She originally planned the work similarly to her previous flowing-embroidery works. The last stitch in this first part of the tapestry came on 8 April, when the country's leading epidemiologist announced that the contagion had most likely reached the top of the curve. Thus, Eirún began stitching the next part, which was meant to be worked on while the pandemic was receding. As we all know that's not what happened. Eventually, the parts became five in total, the end of the tapestry marks the day when the government dropped the obligatory mask mandate towards the end of 2021. Perceptive viewers may be able to see the epidemic's progress in the abstract forms, the flowing colours and the materials, mixed with the artist's personal life and seismic activity at Reykjanes Peninsula. However, Eirún's stitches are always free flowing, without planning the next step, almost like a prophetess who has powerful knowledge of fate and it is up to the recipient to interpret the prophesy.

Guðrún Bergsdóttir also creates abstract works, governed by eye and feeling, but she also does not decide beforehand what she stitches. She only works with yarn that she's been given and her choice of colours is based on what she likes each time. Her forms are always geometric and her style unique. Guðrún's images in this exhibition were created over a period of twelve years and it is easy to see how her style has developed. In

her oldest works, the forms are systematically placed in columns and the colours well-defined, but gradually the system gives way to chaos, where lines, corners and colours merge together in a symphony of bright colours. She then turns to more muted colours, areas become dots that sometimes resemble screen pixels.

Anna Línadal looks into how geoscientists approach their subjects in the field and uses their methodology in her art creation. Here, we see her use of embroidery to display results from research expeditions on glaciers and in volcanic areas. She uses needle and thread as a tool to write text, draw lines and document measurement points, creating a geological map with contours, traces and coordinates. Her diary work, *5.6.2013 (5th June 2013)*, is the documentation of an experiment where Anna uses her own body as the measuring device in the field, swimming among brash and pumice in a crater, formed in a subglacial eruption two years previously. Beneath the surface lie the ever-changing natural forces, and at the same time, mankind has become a geological force, affecting how places come into being and disappear.

James Merry gives used clothes new life by embroidering images from nature on them. This is often called upcycling or creative recycling, and it's not a coincidence that he chooses to recycle international labels like Nike. He emphasises the interplay of a mass-produced, commercialised product and the slow process of the craft which is in stark contrast to Nike's machine-made logo. The textile industry is among the great pollutants of the world, and so-called fast fashion is a huge part of this problem. However, James is probably best known for his collaboration with musician Björk, as he is involved in creating the imagery that accompanies her music, including the masks she wears on stage. They are always based on embroidery even if the material can be diverse: wire, silicone or silver. Both the masks and James's embroidered tops are works of art created for the human body and therefore show signs of usage.

The exhibition contains two works by **Anna Andrea Winther**, both containing traces of human activity and human bodies, captured through different processes. *Munnþurrku-safnið (Used Napkin Series)* is the collection of replicas of napkins that Anna collected

following meals with her friends and family. Through embroidery, she focuses on the stains, each napkin becomes a memorial to a meal that took place. She describes this work as an interception into modern consumer habits, where the disposable is given decorative value and importance. In her work, *Eldhúsathafnir (Kitchen Actions)*, Anna also deals with disrupting the mundane as a way to get people to connect to the materials they use. The work consists of instructions for performances, embroidered into traditional tea towels. The tea towels were given different people to perform the instructions in their homes. The result is only visible through a text that the participants wrote afterwards, as well as stains that the tea towels acquired during the performance.

A few decades ago, the so-called "slide chair" could be found in the homes of most craft women in the country. The unwritten rule about this kind of chair was that it was not for sitting on, it was purely meant for display. This chair was often the masterpiece of the lady of the house, on the border between art and utility item, positioned in a good place. The embroidery was usually very grand and flowers the most common subject. In her work *Áningarstaður (Overlook)*, **Agnes Ársælsdóttir** seeks inspiration in the imagery of science and decorates her slide chair abundantly with plant cell organs, including the nucleus, endoplasmic reticulum and vacuole, as well as chloroplast. She views flower patterns in embroidery as yet another manifestation of man's desire to connect to nature and bring it into the home. By using plant cells for her images, she avoids choosing one species over another, instead they all appear in their smallest unit, the common denominator for all plants.

G.Erla – Guðrún Erla Geirsdóttir has from the outset often used embroidery in her work. The exhibition contains two of them, made twenty years apart, and text plays a key role in both. The older work, *Hlutskipti (Fate)*, was made in Paris, where the artist became pre-occupied with foreign cleaners, often from faraway countries, the almost mute, invisible human resources that plays such an important role but is not valued. In some ways, she identified with these women, herself having a limited vocabulary in a foreign city. The material is floor cloths from recycled cotton that G.Erla embroidered with seven letter

words from the dictionary. The work is an apt reminder as the struggle for women's work to be valued is still going on. *Sofðu rótt (Sleep Tight)* is created with traditional embroidery into bed linen. It was made following discussions at the start of the #metoo wave in Iceland, when G.Erla read women's stories of gender-based violence, harassment and discrimination. She noted words that were often repeated, all starting with the same letter (in Icelandic): innocence, pain, shame, disgrace, dirty, remorse and guilt.

Kristín Gunnlaugsdóttir refers to her works as embroidered drawings. The exhibition contains works from 2011–2022, all showing the female body in a forthright manner doing various tasks. In her older works, the thread is thick, the canvas coarse and the stitches long. In the more recent ones, things appear more delicate but the subjects are similar and the method the same, as the images are based on sketches or quick drawings. Kristín's work often raise discussion regarding gender roles, the female body and woman's position in today's society.

Although it can be hard to label **Kristinn G. Harðarson's** work, for the most part they are easily recognisable. He has worked in most media but it is difficult to pin him down to just one of them, except maybe painting. His first embroidery pieces were created in defiance to the male-oriented surroundings he grew up in, but also in admiration of the tradition, of the indifference to the exceptionally long time embroidery takes, of toiling for beauty and the joy of the craft. The works on display here are created from Kristinn's diary entries, where poetic but mundane musings about the artist's life is sketched and written with needle and thread. Kristinn's use of colour is noteworthy, that maybe his inner painter at work.

In recent years, **Loji Höskuldsson** has garnered considerable attention for his embroidery where he mixes items of various origin in a sort of still-life images. Flowers and diverse plants are prominent, usually together with things from Icelandic consumer culture, like a shopping bag or a drinks carton. However, the works appear as if he stitches whatever occupies his mind at the time, for the joy of the work. The exhibition contains new works where he is inspired by geometric abstract paintings of the fifties and sixties, except

instead of pure forms and colours we have flower beds in straight lines. The choice of flowers is noteworthy, we see a hotchpotch of Icelandic flowers as well as some foreign, the artist asking us, how long does a flower need to grow here to be considered Icelandic?

The Icelandic flora also plays the lead role in the works of **Rósa Sigrún Jónsdóttir**. She creates extremely delicate pencil drawings of medicinal herbs on paper and exaggerates the details and colours of the flowers by embroidering the paper. The drawing is black and white, the iridescent colours stand out. The interaction between drawing and embroidery lend depth to the works, but they also contain great sensitivity. Rósa's view of the plants can be likened to looking through a narrow lens, where the drawing fades into a haze towards the edges. She views crafts as a healing action that has a lot in common with the power of medicinal plants. She also sees a close kinship between textile work and nature's slow growth processes.

Guðný Rósa Ingimarsdóttir also uses paper in her embroidery but in a completely different manner. Her work is abstract, merging organic and geometric forms. The creative process is important, she works in a flow and doesn't decide the outcome beforehand. She often looks to older works when creating new ones and does not hesitate to change them if she feels the need. The stitches are rhythmic and even systematic, for example in a grid pattern.

What attracted **Petra Hjartardóttir** to embroidery as an art form was the possibility of being in complete control over a tiny, predictable and slow process, while the outer context can be unbearably chaotic and unpredictable. She studied embroidery from her grandmother and is preoccupied with using traditional stitching methods. This is evident from the descriptions: we see stem stitch, satin stitch, French knot and Venetian stitching, to name a few. However, her imagery is anything but traditional, she turns feelings and short stories into visual form, into small, soft sculptures. They display her keen sense of material and one can perceive their weight simply by looking.

Spor og þræðir

Stitches and Threads
09.06.–18.09.2022

Listasafn Reykjavíkur

Reykjavík Art Museum
Kjarvalsstaðir

Listamenn Artists

Agnes Ársælsdóttir

Anna Línal

Anna Andrea Winther

Eirún Sigurðardóttir

Erla Þórarinsdóttir

Guðrún Bergsdóttir

G.Erla – Guðrún Erla Geirsdóttir

Guðný Rósa Ingimarsdóttir

James Merry

Kristinn G. Harðarson

Kristín Gunnlaugsdóttir

Loji Höskuldsson

Petra Hjartardóttir

Rósa Sigrún Jónsdóttir

Sýningarstjórar Curators

Birkir Karlsson

Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir

Dagskrá Programme

Leiðsögn listamanna

Artists' Talk

Sun. 19.06.2022, 14:00

Fim. Thu.. 30.06.2022, 20:00

Fim. Thu.. 28.07.2022, 20:00

Sun. 04.09.2022, 14:00

Leiðsögn sýningarstjóra

Curators' Talk

Sun. 12.06.2022, 15:00

Leikum að list – fjölskyldusmiðja

Let's Play Art – Family Workshop

Lau. Sat. 11.06.2022, 11:00

Einnig *Samsaumur* undir handleiðslu reynds handverksfólks á völdum dögum í sumar

Also, on selected days over the summer, you are welcome to join our *Sewing Club*

Finnið upplýsingar um leiðsagnir og aðra viðburði á *Dagskrá* heimasíðu safnsins

Find information on guided tours and other programme under *Events* on the museum website

Bókið stóra og smáa hópa í sérleiðsögn: listasafn@reykjavik.is

Book a private tour for your small or large group: artmuseum@reykjavik.is

Kíkið á svæði *Abrakadabra* á heimasíðu safnsins og fræðist meira um samtímalist

Check out *Abrakadabra* on the museum website and learn more about contemporary art



Kjarvalsstaðir
Flókagata 24
105 Reykjavík
+354 411 6420

Opið daglega
Frá 10.00 til 17.00
Open daily
10h00–17h00

listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland



LISTASAFN
REYKJAVÍK